

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
02 355

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

kt. 660381-0159

Dalavegi 2, 900 Vestmannaeyjar

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framhaldsskólinn í Vestmanneyjum er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Hlutverk framhaldsskólans í Vestmanneyjum er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik. Skólinn leggur sérstaka áherslu á að gera nemendum kleift að stunda sem fjölbreyttast nám í sinni heimabyggð.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 367,8 milljónir og afkoma kr. -8,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 26,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 139,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum 19.06.2020

Staður, dags.

Ólafur K. Kolbeinsson, skólameistari

Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	348.708.000	338.500.796
Seld þjónusta	3	6.750.000	7.442.700
Framlög og ýmsar tekjur	4	3.849.117	2.746.775
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	8.539.950	5.996.328
Tekjur samtals		<u>367.847.067</u>	<u>354.686.599</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfamannakostnaður	5	270.076.475	272.505.251
Annar rekstrarkostnaður	6	97.440.070	64.451.387
Afskriftir	7	8.539.950	5.996.328
Gjöld samtals		<u>376.056.495</u>	<u>342.952.966</u>
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(8.209.428)	11.733.633
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		2.322	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(16.872)	(1.709)
		<u>(14.550)</u>	<u>(1.709)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(8.223.978)</u></u>	<u><u>11.731.924</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	706.494	948.720
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		72.908.606	39.806.278
Farartæki og vélar		19.260.012	13.006.502
Aðrar eignir		944.001	1.051.847
		<u>93.112.619</u>	<u>53.864.627</u>
Fastafjármunir samtals		<u>93.819.113</u>	<u>54.813.347</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	1.411.603	319.000
Tengdir aðilar	11	0	31.795.668
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	12	325.429	748.459
Handbært fé	13	44.193.941	34.616.620
		<u>45.930.973</u>	<u>67.479.747</u>
Veltufjármunir samtals		<u>45.930.973</u>	<u>67.479.747</u>
Eignir samtals		<u>139.750.086</u>	<u>122.293.094</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	14		
Hrein eign		26.225.734	53.566.544
Eigið fé samtals		<u>26.225.734</u>	<u>53.566.544</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	13.529.541	196.310
Viðskiptaskuldir	15	21.291.132	3.378.578
Ýmsar skammtímaskuldir	16	17.152.253	14.360.286
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	17	61.551.426	50.791.376
		<u>113.524.352</u>	<u>68.726.550</u>
Skuldir samtals		<u>113.524.352</u>	<u>68.726.550</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>139.750.086</u>	<u>122.293.094</u>
Aðrar upplýsingar	18		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(8.223.978)	11.731.924
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	8.539.950	5.996.328
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(8.539.950)	(5.996.328)
		<u>(8.223.978)</u>	<u>11.731.924</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		(669.573)	(780.134)
Tengdir aðilar		16.883.183	13.966.876
Skammtímaskuldir		20.704.521	(7.943.823)
		<u>36.918.131</u>	<u>5.242.919</u>
		<u>28.694.153</u>	<u>16.974.843</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(47.545.716)	(22.621.971)
		<u>(47.545.716)</u>	<u>(22.621.971)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins			
Tengdir aðilar		(19.116.832)	0
Fjárfestingarframlag		28.245.716	4.021.971
		<u>19.300.000</u>	<u>18.600.000</u>
		<u>28.428.884</u>	<u>22.621.971</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		9.577.321	16.974.843
		<u>34.616.620</u>	<u>17.641.777</u>
		<u>44.193.941</u>	<u>34.616.620</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	348.708.000	347.600.796
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(9.100.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	348.708.000	338.500.796
Tekjufærsla frestaðra tekna	8.539.950	5.996.328
	357.247.950	344.497.124

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrægnum rekstrartekjum	360.100.000	0	0	360.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(11.392.000)	0	0	(11.392.000)
Fjárveiting til tekna	348.708.000	0	0	348.708.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(356.931.978)	0	0	(356.931.978)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(8.223.978)	0	0	(8.223.978)

	2019	2018
3 Seld vara og þjónusta		
Sala á vöru og þjónustu	3.129.000	3.147.000
Vörusala	3.429.000	4.022.000
Verksala	15.000	60.500
Ýmsar þjónustutekjur	65.000	133.200
	6.750.000	7.442.700

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	400.000	460.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	3.353.117	2.117.275
Ýmsar tekjur	96.000	169.500
	3.849.117	2.746.775

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	217.286.361	218.502.076
Orlof, breyting	1.603.533	710.659
Launatengd gjöld	49.221.143	51.076.971
Starfsmannakostnaður	1.965.438	2.215.545
	270.076.475	272.505.251
Meðalfjöldi stöðugilda	25,6	25,0

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.070.559	1.041.615
Byggingarvörur, almennar	34.200	1.391
Ýmis tæki og áhöld	1.764.020	911.443
Varahlutir og viðhaldsvörur	707.122	167.261
Orkugjafir	3.631.854	2.793.585
Matvæli	2.463.626	1.902.560
Kennslu- og föndurvörur	1.101.690	765.397
Almennar rekstrarvörur	1.379.021	567.463
Vörukaup	12.152.092	8.150.715
Fundir, námskeið, risna	727.099	1.499.658
Ferðir, uppihald	5.204.457	3.550.859
Akstur	1.415.579	817.700
Sérfræðiþjónusta	7.996.373	8.594.829
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	83.371	238.986
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	851.419	310.097
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	672.457	267.507
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	16.950.755	15.279.636
Samningsbundin kaup og leiga	827.096	801.377
Afnotagjöld	3.638.444	3.144.313
Leigugjöld	59.345.979	32.337.860
Notkun véla og flutningatækja	119.402	29.800
Verkkaup	3.243.716	3.599.305
Kostnaðarhlutdeild	902.047	876.418
Opinber gjöld	40.539	189.463
Tilfærslur	220.000	42.500
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	68.337.223	41.021.036
Annar rekstrarkostnaður samtals	97.440.070	64.451.387
	2019	2018
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	7.200.226	4.811.548
Farartæki og vélar	989.652	838.667
Aðrar eignir	107.846	43.541
Niðurfærsla óefnislegra eigna	242.226	302.572
	8.539.950	5.996.328
	31.12.2019	31.12.2019
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	706.494	948.720
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		Hugbúnaður
Stofnverð 1.1.2019		1.211.131
		1.211.131
Niðurfært 1.1.2019		262.411
Niðurfærsla ársins		242.226
		504.637
Staða 31.12.2019		706.494

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2019
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	72.908.606	39.806.278
Farartæki og vélar	19.260.012	13.006.502
Aðrar eignir	944.001	1.051.847
	<u>93.112.619</u>	<u>53.864.627</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	56.949.913	14.233.807	1.281.454	72.465.174
Viðbætur á árinu	40.302.554	7.243.162	0	47.545.716
	<u>97.252.467</u>	<u>21.476.969</u>	<u>1.281.454</u>	<u>120.010.890</u>
Afskriftir 1.1.2019	17.143.635	1.227.305	229.607	18.600.547
Afskrift ársins	7.200.226	989.652	107.846	8.297.724
	<u>24.343.861</u>	<u>2.216.957</u>	<u>337.453</u>	<u>26.898.271</u>
Staða 31.12.2019	<u>72.908.606</u>	<u>19.260.012</u>	<u>944.001</u>	<u>93.112.619</u>

	31.12.2019	31.12.2019
10 Viðskiptakröfur		

Viðskiptakröfur	1.411.603	319.000
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	
	<u>1.411.603</u>	<u>319.000</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	610.000	319.000
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	801.603	0
	<u>1.411.603</u>	<u>319.000</u>

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	8.445.572
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	23.350.096
	<u>0</u>	<u>31.795.668</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	13.326.158	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	203.383	196.310
	<u>13.529.541</u>	<u>196.310</u>

12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	0	390.000
Skattar	325.429	358.459
	<u>325.429</u>	<u>748.459</u>

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2019
13 Handbært fé		
Tékkareikningar	11.734.123	15.804.646
Sparisjóðsreikningar	32.459.818	18.811.974
	<u>44.193.941</u>	<u>34.616.620</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

	31.12.2019	31.12.2019
14 Eigið fé		

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	53.566.544	41.834.620
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(19.116.832)	0
Afkoma ársins	(8.223.978)	11.731.924
Jöfnuður 31.12.	<u>26.225.734</u>	<u>53.566.544</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2019
16 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	14.543.329	12.939.796
Ógreidd laun	1.532.434	0
Önnur ógreidd gjöld	1.076.490	1.420.490
	<u>17.152.253</u>	<u>14.360.286</u>

17 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	93.819.113	54.813.347
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	(32.267.687)	(4.021.971)
	<u>61.551.426</u>	<u>50.791.376</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	54.813.347	(4.021.971)	50.791.376
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	19.300.000	19.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	47.545.716	(47.545.716)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(8.539.950)	0	(8.539.950)
	<u>93.819.113</u>	<u>(32.267.687)</u>	<u>61.551.426</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 13,4 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

Skýringar

18 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofn hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 60,5 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 11,4 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.